Innanhússhönnunarþjónusta

VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ HANNA DRAUMARÝMIÐ

Tíminn er dýrmætur og við viljum að þú fáir sem meðst út úr hönnunarráðgjöfinni. Því er gott að hafa eftirfarandi tilbúið fyrir fundinn:


- Grunnmynd af rýminu með helstu málum og staðsetningu hurða, glugga og fastra innréttinga
- Myndir af rýminu
- Myndir og mál af húsgögnum sem þú vilt að gert sé ráð fyrir í hönnuninni
- Hugmyndir sem veita þér innblástur

Ef eitthvað er óljóst er þér alltaf velkomið að hafa samband við okkur á póstfangið: **innanhusradgjof@ikea.is**


Svona mælir þú rýmið

Ef þú átt grunnteikningar eða tækniteikningar á .dwg - (AutoCAD) eða .rvt sniði (Revit) má nota þær í stað mælinga.


Skráðu allar mælingar vandlega niður og gættu þess að þær séu auðlæsilegar.




01 Mældu fyrst lofthæðina, lengd allra veggja og fjarlægð milli horna, hurða og annarra opa.



03 Mældu allt sem getur haft áhrif á skipulag rýmisins, t.d. ofna, lagnir, loftræstingu, eldstæði og annað sem stendur út úr veggjum eða gólfi. Merktu einnig inn staðsetningu ljósrofa, innstungna og annarra tengla.



02 Mældu breidd og hæð glugga og skráðu fjarlægð þeirra frá gólfi, lofti og að veggjum. Mældu gluggaopið án karma og lista. Gerðu það sama fyrir hurðir og önnur op.



04 Teiknaðu einfalda mynd af rýminu séð ofan frá. Merktu inn veggi, hurðir, glugga, eldstæði og fastar innréttingar ásamt öllum málum. Sýndu einnig í hvaða átt hurðir og opnanlegir gluggar opnast.

Svona tekur þú góða mynd af rýminu

Undirbúðu rýmið


Taktu til þannig að rýmið sjáist vel. Fjarlægðu óþarfa hluti en hafðu áfram inni þau húsgögn og muni sem eiga að vera hluti af nýja rýminu.

Góð birta skiptir máli

Best er að taka myndir í góðri dagsbirtu. Dragðu frá gluggum og kveiktu á ljósum svo rýmið sjáist sem skýrast og litir sjást vel.


Taktu mynd af öllu rýminu

Stutt myndband af rýminu getur einnig hjálpað hönnuðinum að átta sig betur á aðstæðum.



01 Farðu eins langt frá og þú getur þegar þú tekur myndir svo sem mest af rýminu sjáist.


02Taktu myndina lárétt.



03 Reyndu að halda símanum eða myndavélinni beinni og notaðu veggi, glugga og dyr sem við mið.

04 Til að fá sem besta heildarmynd af rýminu er gott að taka að minnsta kosti:

- eina mynd úr hverju horni
- eina mynd af hverjum vegg
- eina mynd af gólfinu
- eina mynd af loftinu




05 Ef þú vilt halda einhverjum húsgögnum skaltu taka myndir af þeim og skrá breidd, hæð og dýpt.

Finndu þinn stíl

Skoðaðu vörur, hugmyndir og innréttingar á IKEA.is og taktu saman lista yfir það sem höfðar mest til þín.

Deildu listanum með innanhússhönnuðinum svo hann fái skýrari mynd af stílnum þínum og því hvernig þú vilt nýta rýmið.



Fáðu hugmyndir og innblástur á IKEA.is